

Bæjarstjórn lætur gera skrá yfir öll hús í kaupstaðnum, og tilgreinist þar 221 rúmmál þeirra, miðað við utanmál og frá neðsta gólfi í topp á risi. 27. des.

IV. OPNUNARGJALD

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald, 10 kr., fyrir enduropnun.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör, skal veitunni tafarlaust lokað og verður hún eigi opnuð fyrr en notandi hefur greitt gjald, 10 kr., á skrifstofu rafveitunnar.

V. BREYTINGAR Á GJALDSKRÁ

1. Raforkuverð samkvæmt I. kafla gjaldskrárinnar miðast við, að útsöluverð dieselolíu í Vestmannaeyjum („bátaverð“) sé 820 kr. tonnið, en fyrir hverjar fullar 20 kr., sem verð á oliutonni hækkar eða lækkar frá því, skal orkuverðið hækka eða lækka um 1 eyri hver kwst. á öllum liðum.
2. Raforkuverð í I. kafla gjaldskrárinnar miðast enn fremur við kaupgjaldsvísitöluna í nóv. 1951 (144 stig) og skal breytast með henni þannig, að orkuverðið hækkar eða lækkar um 1% á öllum liðum fyrir hver full 4 stig, sem vísitalan hækkar eða lækkar frá 144 stigum.
3. Auk ofangreindra breytinga er bæjarstjórn heimilt að hækka eða lækka öll gjöld samkvæmt gjaldskránni um allt að 20% án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins, enda auglýsi bæjarstjórnin breytinguna í Lögbirtingablaðinu áður en til hennar kemur.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir Rafveitu Vestmannaeyja, nr. 116 22. ágúst 1949.

Atvinnumálaráðuneytið, 27. desember 1951.

Hermann Jónasson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

AUGLÝSING

um breyting á reglugerð um Rafveitusjóð Mýrasýslu, nr. 63 6. maí 1949.

222

27. des.

1. gr.

4. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Hver sá, er óskar að fá rafmagn úr fyrirhugaðri héraðsrafmagnsveitu ríkisins í sýslunni eða fá heimtaug úr héraðsrafveitu ríkisins, sem fyrir er, eða fá tengt hús, sem er grunngjaldskyld (sbr. 5. gr.), skal hafa greitt heimtaugargjald í rafveitusjóð, áður en lagning veitunnar er hafin, áður en heimtaug er lögð, eða áður en hús er tengt, eða gert skriflegan samning um greiðslu þess, og má þá krefjast þess að trygging verði sett fyrir greiðslunni. Upphæð heimtaugargjaldsins ákveðst samkvæmt fyrirmælum 5. gr.

Af nýjum húsum eða viðbótarbyggingum, sem eigi eru grunngjaldskyld

222 (útihús, geymsluhús o. þ. h.), er heimtaugargjald hundraðshluti af fasteignamats-
27. des. verði samkvæmt 5. gr., og fellur í gjalddaga þegar er húsin eru tekin í notkun.

Um greiðslu kostnaðar af breytingu heimtaugar o. þ. h. fer eftir nánari ákvæðum í reglugerð héraðsrafmagnsveitna ríkisins.

2. gr.

5. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Heimtaugargjald skal vera grunngjald af fasteign að viðbættum hundraðshluta af fasteignamatsverði. Grunngjald skal vera 1000 kr. af hverju íbúðarhúsi, hverri kirkju og hverju samkomuhúsi o. þ. h. húsum, sem ekki eru notuð til atvinnurekstrar og auk þess 2000 kr. af hverju búi, hverjum skóla o. þ. h. stofnunum, og af hverri fasteign, sem notuð er til atvinnurekstrar annars en búrekstrar, og til viðbótar við grunngjald skal greiða 45 af hundraði af fasteignamatsverði húsa, mannvirkja, lands og lóða allt að 70000 kr. matsverði, 20 af hundraði af þeim hluta fasteignamatsverðs, sem er fram yfir 70000 kr. allt að 500000 kr. matsverði, og 5 af hundraði af því, sem þar er fram yfir, enda sé samanlögð lengd háspennu- og lágspennulínu veitunnar ekki yfir 1 km á hverjar 3000 kr., sem áætlað er að greiðist í grunngjöldum.

Ef ekki er fyrir hendi mat á fasteign, sem greiða skal heimtaugargjald af, getur sýslumaður áætlað matsverðið og miðað heimtaugargjaldið við það. Láti eigandi meta fasteignina áður en heimtaugargjald fellur í gjalddaga, skal þó miða við það mat.

Fari linulengd veitu fram úr því, sem tilgreint er í 1. málsg., skulu heimtaugargjöld hækka samtals sem nemur áætluðu kostnaðarverði af þeim línunum, sem fram yfir eru, og skal kostnaðarverðinu deilt jafnt á alla gjaldendur hinnar fyrirhuguðu veitu, nema samkomulag verði með þeim um aðra skiptingu sín á milli.

Reglugerðarbreyting þessi, sem sýslunefnd Mýrasýslu hefur samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnumálaráðuneytið, 27. desember 1951.

Hermann Jónasson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

223

28. des.

AUGLÝSING

um staðfestingu á byggingarsamþykkt fyrir Ólafsvíkurhrepp.

Samkvæmt lögum nr. 19 1905 og lögum nr. 55 1921 hefur félagsmálaráðuneytið í dag staðfest byggingarsamþykkt fyrir Ólafsvíkurhrepp. Varnarþing í Ólafsvíkurhreppi.

Samþykkt þessi er í samræmi við fyrirmynd að byggingarsamþykktum, sem birt er með auglýsingu nr. 97 18. ágúst 1948 (Stj.tíð. B., bls. 167—185).

Félagsmálaráðuneytið, 28. desember 1951.

F. h. r.

Jónas Guðmundsson.

Hallgrímur Dalberg.